

Ómar Þröstur Björgólfsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir



Reykjavík 6. mars 2015  
UST201502-523/K.S.J.

### **Efni: Tillaga að deiliskipulagi frístundahúsa á lóðinni Kaldá á Völlum.**


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 16. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að að deiliskipulagi frístundahúsa á lóðinni Kaldá á Völlum.


### **Náttúrulegur birkiskógur**

Í greinargerð skipulagstillögunnar kemur fram að lóðin Kaldá er alls 2,13 ha og er að mestu vaxin upprunalegum birkiskógi nema á flatlendi á vestan- og norðvestanverðri lóðinni. Umhverfisstofnun tekur undir það að væntanleg frístundahús eru áætluð á því svæði þar sem minnst er af upprunalegum birkiskóg. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að forðast verði eins og kostur er að skerða upprunalegan birkiskóg og bendir á að eitt af markmiðum íslenskra stjórnvalda skv. ritinu Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, er: *Að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.*

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur